

Skýrsla Elliðaárnefndar SVFR – 2022

Elliðaárnefndina skipa eftirfarandi félagar í SVFR:

Árni Guðmundsson, Brynjólfur Gunnarsson, Daníel Njarðarson, Hermann B. Valsson, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Hreinn Reyðfjörð Sigmarsson, Jóhanna Heiðdal, Jóhannes H. Steingrímsson, Kristján Guðjónsson, Skúli Arnfinnsson, Stefán Karl Segatta og Steinar Már Björnsson.



Silungsveiðin í Elliðaánum

Silungsveiðitímabilið í Elliðaánum stendur frá 1. maí til 15. júní. Á silungsveiðitímabilinu 2021 voru færðir til bókar 36 urriðar, en 32 árið 2022. Mikilvægt er að veiðifólk skrái afla sinn samviskusamlega í rafrænu veiðibókina á heimasíðu Stangaveiðifélagsins.

Vorveiði fyrir fötluð og langveik börn

Frá því árið 2009 hafa SVFR og OR staðið fyrir vorveiði fyrir fötluð og langveik börn. Veiðin fer fram á silungsveiðitímanum, mest er veitt í Höfuðhylnum og Ármótunum. Í ár tóku þrír hópar þátt; frá Klettaskóla, Styrktarfélaginu Ás og Einstökum börnum. SVFR og OR láta í té veiðidaga, útvega veiðarfæri og nesti og aðstoða við veiðina. Félagar úr Elliðaárnefndinni lögðu hönd á plóginn með þeim hætti að sinna veiðileiðsögn undir stjórn Inga Þórs Hafsteinssonar frá OR, en hann hefur frá upphafi haft veg og vanda af skipulagningu og framkvæmd þessara veiðidaga. Töluverður fjöldi tekur þátt árlega en um 60 manns reyndu sig við silunginn í ár, bæði börn og aðstandendur. Börnin höfðu mjög gaman af veiðunum og fengu flest þeirra fisk. Gaman er að segja frá því að Ingi Þór var einn af þeim sem tilnefnd voru til hvatningarverðlauna Öryrkjabandalags Íslands nú í desember, vegna þessa framtaks síns.

Hreinsun Elliðaánna

Hreinsun Elliðaánna fór fram þann 8. júní og gekk hún vel, drjúgt magn af rusli var hreinsað úr Elliðaánum og af árbökkunum, en magn rusls fer minnkandi með hverju árinu, enda eru s.k. plokkarar, starfsmenn OR og dótturfyrirtækja auk annarra sem láta sig umhverfið og hag þess varða, dugleg við að tína rusl allan ársins hring. Þar sem Árbæjarlónið var áður er enn að koma gamalt rusl undan sandi og möl sem árnar skola burt, enda er Árbæjarkvíslin enn að hreinsa sig síðan lónið var tæmt.



Hluti af afrakstri hreinsunardagsins. Mynd: Stefán Karl Segatta.

Opnun Elliðaánna

Undanfarin ár hefur Reykvíkingur ársins opnað Elliðaárnar. Á því var engin breyting í ár, fyrir utan að Reykvíkingar ársins voru tveir. Nafnbótina hlutu þau Kamila Walijewska og Marco Pizzolato. Þau standa fyrir svokölluðum frískápum í Reykjavík, þar sem markmiðið er að draga úr matarsóun og byggja upp sterkara samfélag í kringum það að deila umframmat í gegnum frískápa. Alls eru um fimm þúsund í sérstökum Facebook-hóp fyrir skápana. Veiðigyðjan var þeim hliðholl og lönduðu þau sitt hvorum laxinum á Breiðunni, báðir laxarnir létu glepjast af Sunray Shadow.



Marco Pizzolato og Kamila Walijewska við Breiðuna. Mynd: www.reykjavik.is

Borgardagar

Þrír heilir veiðidagar á hverju sumri eru fráteknir fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar. Þeim starfsmönnum Reykjavíkurborgar, sem þykja að mati samstarfsfólks síns hafa staðið sig sérstaklega vel í starfi, er boðið til veiða og sér SVFR um framkvæmd þessara veiðidaga, s.s. hvað skipulag og veiðileiðsögn varðar. Markmið SVFR er að gestirnir frá Reykjavíkurborg eigi sem besta upplifun við árnar. Margir gestanna hafa haft það á orði í gegnum árin að þessi veiði hafi opnað enn betur augu þeirra fyrir því hversu magnað svæði Elliðaárdalurinn og Elliðaárnar eru.

Barnadagar

Eins og fyrr ári var boðið upp á barna- og unglingadaga í Elliðaánum og sá fræðslunefnd SVFR alfarið um framkvæmdina og veiðileiðsögn eins og verið hefur síðan núverandi fræðslunefnd tók við. Vel tókst til með þessa daga í sumar og voru þeir vel sóttir af ungu og uppnennandi veiðifólki.

Veiðivarsla

Fyrirkomulag veiðivörslu var óbreytt. Eins og alltaf var nokkuð um veiðipjófnað, en veiðiverðir voru sem fyrr duglegir að sinna vöktun og eftirliti með ánum og stugguðu við veiðipjófum þegar þess gerðist þörf. Árnefndarfólk hafði einnig ákveðna viðveru við árnar í sama tilgangi.

Minkaveiði

Samkvæmt upplýsingum frá Dýraþjónustu Reykjavíkur veiddust alls 11 minkar í sumar, 5 steggir og 6 læður. Megnið af þeim veiddist við Hundasteinana og rétt neðan við Elliðavatnsstífluna. Veiðiverðir og árnefndin voru dugleg að tilkynna til meindýraeyða um þá minka sem sáuust við árnar og brugðust meindýraeyðarnir skjótt við þeim ábendingum sem þeim bárust.

Snúið er að stunda minkaveiðar við Elliðaárnar og ekki er hægt að beita mörgum þeim öflugri aðferðum sem meindýraeyðar geta beitt við slíkar veiðar annars staðar, vegna þess hversu nálægt ánum byggðin er og umferð fólks er mikil á svæðinu.

Fiskiteljarinn

Teljaranum og tilheyrandi var komið fyrir í ánum 16. maí. Fyrsti laxinn gekk í gegnum teljarann 9. júní og búnaðurinn var tekinn úr ánum 1. október. Rekstur fiskiteljarans gekk sæmilega í sumar og því miður urðu nokkrar rekstrartruflanir. Þeir aðilar sem koma að rekstri og umsýslu teljarans, SVFR, Elliðaárnefnd, starfsmenn OR, VAKA og Jóhannes Sturlaugsson hjá Laxfiskum, vinna stutt og stöðugt að því að bæta verklag og rýna hvað má betur fara í rekstri teljarans til að fækka rekstrartruflunum eins og kostur er. Til stóð að nýtt teljaramannvirki liti dagsins ljós fyrir sumarið 2023, en þegar þetta er skrifað þá er ekki ljóst hvort það raungerist. Mikilvægt er þó að nýtt teljaramannvirki leysi núverandi af hólmi sem fyrst, enda er það komið til ára sinna og rök má færa fyrir því að aldur og ástand þess valdi ákveðinni hættu fyrir þau sem því sinna, sérstaklega þegar Elliðaárnar eru vatnsmiklar og mikið rignir og blæs.

Upp úr steinsteyptri undirstöðu sem gengur árbakkanna á milli, standa málmteinar sem ganga upp í gegnum göt á uppistöðum þeim sem grindurnar hallast að og gönguplankarnir liggja á. Tveir teinar ganga upp í hverja undirstöðu, leiða má að því líkum að þeir séu farnir að þreytast, enda er það svo að á einum staðnum er annar teinninn af tveimur horfinn á braut. Það eitt og sér er veikur punktur í styrkleika núverandi teljaramannvirkis, enda má ljóst vera að ef mikill vatnspungi liggur á teljaramannvirkinu, þá getur jafnvel minni háttar skrik reynst því skeinuhætt.

Á sumrin er hægt að fylgjast með fiskiteljaranum í á vefsíðunni www.riverwatcherdaily.is

Árbæjarkvíslin

Í sumar var annað sumarið sem hægt var að veiða í Árbæjarkvíslinni eftir að Árbæjarlónið var tæmt. Því miður sýndi veiðifólk þessari viðbót við veiðisvæði Elliðaárna lítinn áhuga, eins og verið hafði sumarið áður og því fer engum sögum af laxveiði þar. Eftir því var tekið að laxinn bunkaðist ofan við Árbæjarstífluna, en á sama tíma var það ekki að gerast í sama magni á hinum enda stíflunnar, Breiðholtsmegin. Vant veiðifólk gat sér til um að tvær ástæður væru fyrir því, annars vegar hélt illskeytt mávager sig á eyrunum ofan stíflunnar og á neðsta hluta Blásteinshólmans og þekkt er að þessir fuglar sækja að laxinum þegar hann fer um grynningar og þarna var engin undantekning á því. Hins vegar gæti lítið vatnsmagn í kvíslinni almennt hafa látt laxinn til göngu upp kvíslina, en ljóst er að viðvera mávana hjálpaði sannarlega ekki til. Undirritaður hafði samband við meindýraeyða og kannaði hvort hægt væri að fækka í mávagerinu, en því miður var slíkt ekki talið gerlegt enda hvorki hægt að beita skotvopnum né eitri á þessu svæði.

Hér má lesa um rannsóknir Jóhannesar Sturlaugssonar á Árbæjarkvíslinni, auk upplýsinga um fuglalíf:

<https://www.or.is/um-or/fyrir-fjolmidla/frettir/taeming-arbaejarlons-god-fyrir-laxinn-i-ellidaam/>

Veði- og reiðvegurinn vestan við skeiðvöll Fáks í Víðidal

Að beiðni undirritaðs óskaði stjórn SVFR eftir því við stjórn hestamannafélagsins Fáks s.l. vor að komið yrði á því fyrirkomulagi að veiðifólk ætti eitt umferðarrétt um veiði- og reiðveginn á veiðitíma, en hestafólk sæti eitt að veginum utan veiðitíma. Rökin fyrir þessari beiðni voru þau að þetta fyrirkomulag var talið best til þess fallið að tryggja öryggi vegfarenda, sérstaklega hestafólks, enda liggur það fyrir að þrátt fyrir beiðnir SVFR um annað, þá hafa leiðbeinendur reiðskólanna á svæðinu farið með hópa barna- og ungmenna sem sækja reiðnámskeið á sumrin, eftir þessum margumrædda vegarspotta. Skemmst er frá því að segja að stjórn Fáks synjaði þessari málaleitan alfarið og er það miður. Nú þykir fullreynt að ekki verður meira að gert í þessu, en sannarlega hefur SVFR gert meira en skyldan býður til að tryggja öryggi á vegarspottanum, m.a. með því að láta búa til viðvörðunarskilti sem komið var fyrir á þremur stöðum vorið 2021.

Framkvæmdir við Elliðaárnar

Í sumar var farið í umfangsmiklar framkvæmdir beggja vegna Vatnsveitubrúarinnar. Bætt var við hjólastígum, margir ljósastaurar bættust við og þökulagt var. Umhverfið þarna er orðið allt hið glæsilegasta, en þó hefur þrengt að veiðifólki með þeim hætti að gamla bílastæðið við Hundasteinana er nú bókstaflega komið undir græna torfu. Undirritaður hefur óskað eftir því að úr þessu verði bætt og snúningsplan og lítið bílastæði verði útbúið í stað þess sem nú er ekki lengur til staðar. Eitt af verkefnum veiðivarða og Elliðaárnefndar er viðvera við árnar og að fylgjast með því sem fram fer við árnar á hverjum tíma. Tekið var eftir því að vinnuvélar, sem voru notaðar við fyrrnefndar framkvæmdir við Vatnsveitubrúnnar, skildu eftir sig stóra olúbletti á Vatnsveituveginum. Þetta var tilkynnt til viðeigandi aðila hjá borginni. Svona á ekki að gerast, enda er það þannig í verklagsreglum borgarinnar vegna framkvæmda við Elliðaárnar og í Elliðaárdalnum, að lekaprófa skuli allar vinnuvélar sem eiga að vinna á svæðinu. Veiðivörður tók einnig eftir því að óvarlega hafði verið farið með tartanafganga sem féllu til við tilraunir með yfirborðsefni, sem gæti hentað hófum hesta sem best. Verktakarnir sem sáu um þessar framkvæmdir voru ekki nógu duglegir við að fjarlægja efnisafganga og annað smálegt af verkstað. Því þurfti árnefndarfólk nokkrum sinnum í sumar að sækja timbur, plötur og annað lauslegt sem hafði verið kastað fram af Vatnsveitubrúnni, en eins og allir sem til þekkja vita, þá eru neðan hennar Hundasteinarnir, einn besti og gjöfulasti veiðistaður Elliðaáanna.

Nýr grjóttgarður var hlaðinn frá næst neðstu brúnni yfir árnar og svo gott sem upp að Miðkvörn, á austurbakka Elliðaáanna. Flestum þykir hann ekki mikið augnayndi og stingur hann nokkuð í stúf við næsta nágrenni sitt.

Í vor var brúin, sem er á afleggjaranum að veiðihúsinu, dæmd óhæf til að bera akandi umferð, enda hefði burðarþol hennar skerst mikið og járnabindingin hefur rýrnað mikið. Brúin er ein af elstu brúm Reykjavíkur og er meira en 100 ára gömul. Á tímabili stóð til að framkvæma bráðabirgðaviðgerð á henni, þ.a. hægt væri að aka bílum yfir hana, en ekkert varð af því. Í stað þess var búið til lítið bílaplan við vestari brúarsporðinn.

Til stendur að reisa mikla göngu- og hjólabrú sem mun þvera Grófarstrenginn og er hún hluti af viðbót við núverandi göngu- og hjólastígakerfi í Elliðaárdalnum.

Einnig verður byggð ný göngu- og hjólabrú sem mun þvera Elliðaárnar á milli efri Mjódda og Heyvaðshyls. Í samtölum við borgina hafa fulltrúar SVFR ætíð haldið því til haga að stilla verði allri lýsingu við Elliðaárnar í hóf, enda er það vísindalega sannað að ónáttúruleg lýsing hefur m.a. truflandi áhrif á atferli laxins á hrygningartíma. Undirrituðum þykir t.d. of vel í lagt með lýsingu við nýja göngu- og hjólastíga, sem liggja upp með Elliðaánum frá nyrsta hluta Rafstöðvarvegarins.

Suðuræð 2 mun þvera Elliðaárnar á milli brúarinnar á Breiðholtsbrautinni og gömlu göngubrúarinnar sem er aðeins neðar í ánum. SVFR mun mæla með því að verkið verði unnið samkvæmt s.k. "Tillögu 1", sem felur í sér að lögnin mun fara yfir árnar. Sú leið hefur í för með

sér hvað minnst rask á framkvæmdatíma og sama gildir ef til bilana eða viðhaldsframkvæmda kemur seinna meir.

Að frumkvæði SVFR var haldinn gagnlegur fundur á haustmánuðum með fulltrúum frá umhverfis- og skipulagssviði, heilbrigðiseftirlitinu, undirrituðum, auk framkvæmdastjóra og varaformanni SVFR. Hugmynd SVFR með fundinum var að auka samskipti og samtal á milli borgarinnar og SVFR.



Olíublettir eftir vinnuvélar á Vatnsveituvegi við Vatnsveitubrú. Mynd: Árni Guðmundsson.



Efnaglundur í fötum við verkstað hjá Vatnsveitubró Mynd: Emil Tumi Víglundsson



Tartan á óvörðum jarðveginum á verkstað við Vatnsveitubrú. Mynd: Emil Tumi Víglundsson.

Facebook hópur um Elliðaárnar

SVFR og Elliðaárnefnd halda utan um Facebook hópinn „SVFR – Elliðaár“/
www.facebook.com/groups/svfrelli. Þar er til umfjöllunar allt er við kemur lífríki og veiði í
Elliðaánum. Veiðifólk sem og annað áhugafólk um Elliðaárnar og Elliðaárdalinn er hvatt til að skrá
sig í hópinn.

F.h. Elliðaárnefndar SVFR
Árni Guðmundsson, formaður.

Veðiðin í Elliðaánum sumarið 2022 – Unnið af Jóhannesi H. Steingrímssyni:

Alls veiddust 797 laxar og 32 silungar í Elliðaánum þetta sumarið skv. veiðibókinni.

Af þessum 797 löxum voru 38 tilgreindir sem hitch veiddir, 15 með túbu, 36 með micro og 37 með keilu.

4 maríulaxar voru tilgreindir í veiðibókinni.

Veði eftir veiðistöðum var skv. eftirfarandi töflu:

Veiðistaður	Hrygna	Hængur	Óskráð	Samtals
01 Eldhúshylur	6	5		11
02 Við Steininn	1	1		2
04 Neðri Breiða	6	13		19
05 Jónshola	2	2		4
06 Efri Breiða	6	12		18
07 Brúarkvörn	1	2		3
08 Miðkvörn	1			1
09 Fosskvörn		1		1
10 Sjávarfoss	4	6		10
15 Móhýlsstrengir		1		1
16 Efri Móhýlur	4	8		12
17 Móhýlsstallar		2		2
18 Beygjan		4		4
19 Teljarastrengur	7	17		24
20 Ullarfoss	6	12		18
23 Kálfavað		1		1
25 Hólmahlein	3	1		4
27 Stórifoss		1		1
28 Stórhylur	2	1		3
29 Helluvað		1		1
31 Seiðketill		1		1
33 Ullarkrókur	1	4		5
34 Selfoss		1		1
35 Kerlingaflúðir	12	15		27
36 Neðri Breiðholtsstrengir		3		3
37 Árbæjarhylur	45	59	1	105
38 Efri Breiðholtsstrengir	1	1		2
39 Hundasteinar	70	76	1	147
42 Tíkarbreiða		1		1
43 Borgarstjórahola	2			2
46 Hraun	36	52	1	89
47 Hraunhorn	3	2		5
49 Símastrengur	31	68		99
50 Neðri Sporðhylur	2	1		3

51 Efri Sporðhylur		2		2
52 Baugshylur		1		1
53 Neðri Kista	3	3		6
54 Efri Kista	13	8	2	23
55 Hólshylur	3	2		5
56 Hólsstrengur	3	7		10
57 Grófarstrengur	3	1		4
58 Grófarkvörn	2	3		5
59 Merkjastrengur		1		1
61 Langhylur	1	4		5
62 Neðri Mjóddir	3	5		8
63 Efri Mjóddir	2	4		6
64 Heyvaðshylur	2	2		4
65 Litli Foss	1	1		2
66 Heyvað	1	2		3
67 Fljótið	8	17		25
68 Hornið efra	4	5		9
69 Ármót	4	7		11
70 Norðlingavað	1			1
73 Höfuðhylur	13	23		36
Samtals	319	473	5	797

Alls voru 95 flugur tilgreindar í veiðibókinni og 44 af þeim var aðeins tilgreind einu sinni, 11 voru tilgreindar tvisvar. Hér er listi yfir þær 20 aflahæstu:


	Fluga	Hrygna	Hængur	Óþekkt	Samtals
1	Frances, rauð	47	81		128
2	Frances, svört	42	61	1	104
3	Sunray	31	56		87
4	Haugur	11	34		45
5	Green Butt	17	21		38
6	Collie Dog	12	16		28
7	Nagli	10	17		27
8	Frances	9	14	2	25
9	Skuggi	11	8		19
10	Silver Sheep	8	7		15
11	Zelda	6	6		12
12	Squirmy	7	4		11
13	Bismó	8	2		10
14	LOF	4	6		10
15	Undertaker	7	3		10
16	Pheasant tail	4	5		9
17	Black Ghost	2	6		8

18	Blue Charm	3	5	8
19	Friggi	2	6	8
20	SVFR	2	6	8

Dreifing veiðinnar eftir mánuðum var skv. töflu 3:

Mánuður	Hrygna	Hængur	Samtals
Júní	47	52	99
Júlí	165	253	418
Ágúst	82	123	205
September	30	45	75
Samtals	324	473	797

Loks var skoðuð hvort lengd veiddra laxa eftir veiðidögum, þ.e. hvort stærri fiskar veiddust á einhverjum öðrum tíma en þeirra minna. Svo var ekki, dreifingin var ansi jöfn, en ef veiðin er sett sem línurit eftir dögum þá er lítur ritið út svona:



Á silungstímanum, í maí, veiddust 31 urriðar, 6 hrygnur, 16 hængar og 9 ekki kyngreindir. Veiðin var ansi jöfn yfir mánuðinn. Veiðin eftir stærð var:

Cm	Fjöldi
<30	7
30 - 40	6
40 - 50	9
50 - 60	5
> 50	4

Veiðiflugur sem notaðar voru eru:

Fluga	Fjöldi
Beykir	7
PT	7
Phesant tail	5
Duracell	3
Nobbler svartur	2
Black ghost	1
Copper John	1
Olive púpa	1
Peacock	1
Squirmy	1
Svartur nobler	1
Svört púpa	1

Veiðin eftir veiðistöðum var skv.:

Veiðistaður	Fjöldi
01 Eldhúshylur	1
18 Beygjan	1
54 Efri Kista	3
55 Hólshylur	1
68 Hornið efra	1
69 Ármót	1
69 Ármót	5
71 Hólmatagl	2
72 Hólmakvísl	2
73 Höfuðhylur	14